



Horft til suð-austurs að kjarnanum

"Hlein"



Loftmynd frá suðri

**Byggt á sögunni – Skapandi, sjálfbær og iðandi Breið**

**Nýtt svæði með mikla sögu**

Ríkuleg menningarsaga svæðisins er áberandi á mismunandi stærðargráðum. Iðnaður fyrri tíma sem mótaði svæðið upphaflega markar nýja heildarhönnun svæðisins. Menningarminjar frá sjávarútvegi, olíuðnaði og sjómennsku fá ný hlutverk sem kennileiti svæðisins. Sumu verður breytt í listaverk, annað verður að hverfismiðstöð svæðisins.



**Ný starfsemi**

Mismunandi svæði blandast saman til að skapa fjölbreytt umhverfi til að búa og starfa í. Almenningsgarðurinn í miðjunni, Lambhúsagarður, sameinar mismunandi svæði og nýtist sem sameiginlegt svæði fyrir ýmiss konar afþreyingu.




**Kjarninn**

Kjarninn er blandað svæði þar sem ferðaþjónusta, handverk unnið á svæðinu og nútímalegir vinnustaðir mæta íbúðarhúsnæði og fjölbreytt þjónusta dregur að sér jafnt heimamenn sem gesti. Svæðið er áfangastaður en einnig kennileiti. Gömlu iðnaðarhúsin, nýjar skrifstofubýggingar og ný íbúðarhúsnæði, mynda saman nútímalegt og skemmtilegt umhverfi.


Umferð og bílastæði




Gangandi og hjólréiðar



Starfsemi og sveigjanleiki




Samkomusvæði og hverfismiðstöðvar



Skipulagsuppráttur af heildarsvæðinu 1:4000

Nýbygging, útreikning

Blokk	Tegund	Svæði (m²)	Bilastæði
1	Íbúðarhúsnæði	2 250	26
2	Íbúðarhúsnæði	2 850	31
3	Íbúðarhúsnæði	2 550	28
4	Íbúðarhúsnæði	2 850	31
5	Íbúðarhúsnæði	1 850	22
6	Íbúðarhúsnæði	2 550	26
7	Íbúðarhúsnæði	2 450	28
8	Íbúðarhúsnæði	2 450	28
9	Íbúðarhúsnæði	1 450	14
10	Skóla	10 800	20
11	Íbúðarhúsnæði	7 350	0
12	Bilastæðahús	5 200	144
13	Íbúðarhúsnæði	7 900	24
14	Íbúðarhúsnæði	8 150	27
15	Menningu	8 450	18
16	Íbúðarhúsnæði	5 150	13
17	Íbúðarhúsnæði	6 350	0
18	Bilastæðahús	8 150	280
19	Hótel	900	10
20	Blandaðri	5 150	0
21	Blandaðri	5 950	0
22	Blandaðri	6 050	15
23	Blandaðri	9 450	15
24	Blandaðri	9 750	10
25	Íbúðarhúsnæði	7 400	0
26	Bilastæðahús	5 350	200
Helldarupphæð		138 750 m²	1 030



Snið A-A 1:1500

"Hlein"



**Stafræn Breið**  
Smáforrit tengir saman alla íbúa svæðisins, sameiginleg rými, aðstöðu, sameiginleg tæki o.fl. í eitt stórt vistkerfi.

Sameiginlegar bílageymslur miðsvæðis spara pláss, eru umhverfisvænni og stuðla að heilbrigðari samgönguvenjum með því að gera hjólréiðar einfaldasta samgöngumátinn.

Afgangshitaveita notuð til að halda götum snjóláusum yfir vetrartímann.

Órflæði, þægilegar göngufjarlægðir, aðgengi fyrir alla, hjólréiðar í forgangi



Heimsending á þjónustu eftir nokkra smelli

Áætlun um sveigjanlega jarðhæð - heimaskrifstofur, gestaherbergi, bílskúrar, litlar búðir. Sveigjanleiki á líftíma bygginganna.

**SVÆISSJÓÐUR**  
Fyrir hverja krónu sem eytt er á svæðinu, fer ákveðin prósent á svæissjóð, sem ætlaður er til að hjálpa við nýsköpunarstarfsemi, sjálfbærni og lífleika svæðisins.  
Til dæmis sjálfbærni í ferðamannaíðnaði gert einfaldari í staðinn fyrir mismunandi aðferðir á öllum stöðunum.  
"farðu til Akranes og bjargaðu heiminum"


Kvöldopnun á einhverjum rýmum í skólanum, t.d. íþróttahúsi til að auka við þjónustu fyrir miðkjarnann



**RANNSÓKN OG MENNTUN**

**NÝSKÖPUNARSETUR**

**FERÐAPJÓNUSTA OG TENGD STARFSEMI**



**Nýsköpun Sjálfbærni löandi**

**VIRK OG LÍFLEG SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐ**

**VIÐBURÐIR**



Skissur af kjaranum

"Hlein"



Afstöðumynd 1:1000

**Höfn**

**Skipulag**

Skipulag svæðisins er byggt á sögu þess. Iðnaðarbyggðin sem er nú þegar til staðar er notuð sem grunnur fyrir nýja uppbyggingu. Saga svæðisins er varðveitt með minjum og einstaka hlutum á sýnilegum stöðum sem nýtast sem staðhættir á svæðinu. Mismunandi hlutar svæðisins tengjast í gegnum Lambhúsagarðinn sem liggur á milli þeirra. Skólinn við enda garðsins eykur þjónustugildi staðarins. Kjarninn, í norð-austurhorni svæðisins er aðdráttarafli þess. Þar eru ný kennslu- og rannsóknarhúsnæði, vinnustaðir og afþreying ásamt íbúðarhúsnæði fyrir fólk sem kys að búa í borgarumhverfi.

**Íbúðarhúsnæði**

Á svæðinu er fjölbreytt íbúðarhúsnæði fyrir mismunandi aldurshópa og aðra markhópa. Vestast á svæðinu eru minni íbúðarhús. Þau hús sem liggja upp að garðinum eru kjörin fyrir fjölskyldufólk. Strandar megin liggja byggingarnar við hlaðna varnargarðinn og hafa íbúðarhúsin þar einstakt sjávarútsýni. Bilastæði eru við göturnar á milli íbúðarhúsa eða í bilakjöllurum undir húsunum. Milli þessara tveggja svæða er Lambhúsagarður og við enda garðsins stendur grunnskóli. Skólinn er fjölnota bygging sem einnig er hugsuð sem hverfismiðstöð, m.a. íþróttamiðstöð, og getur verið opin fyrir almenning á kvöldin.

Byggingin við austurhlíð garðsins er að mörgu leyti svipuð byggðinni við hinn enda garðsins. Húsin eru órlítið stærri og eru flest þrjú eða fjögurra hæða. Bilastæði fyrir þessar íbúðir eru miðsvæðis við stithvorn enda kjarnans. Þegar bilastæðin eru miðsvæðis verður aukið pláss fyrir græn svæði sem skapa stærra vistkerfi fyrir gróður og dýr.

Einnig eru íbúðarhúsnæði á lóðunum í kjarnanum. Skipulag svæðisins og möguleikar á framtíðarþróun í kjarnanum eru sveigjanleg þannig að hægt er að aðlaga fjölda íbúðar- og/eða skrifstofuhúsnæðis að því hver þörfin er á hverjum tíma. Þjónusta á svæðinu gerir svæðið þægilegt til að búa á. Það er hentugt fyrir ýmiss konar sérhæfð húsnæðisúrræði, t.d. fyrir námsmenn og eldri borgara. Annað svæði fyrir eldri borgara er við enda garðsins nálægt safninu. Tvö bilastæðahús verða við stithvorn enda kjarnans.

**Græn svæði og afþreying**

Strandlengjan á svæðinu er nánast ósnert. Þannig eru kennileiti svæðisins varðveitt auk þess sem fuglar, önnur dýr og plöntur halda heimkynnum sínum. Lambhússgarður markast af strandlengjunni en breytist smám saman í manngerðara leiksvæði við skólann. Viðargangstétt er eftir allri austanverðri strandlengjunni sem tengir saman ferðamannastaði við enda skagans og gistirými í kjarnanum. Þessar stuttu vegalengdir að afþreyingarsvæðum og öðrum leiðum stuðla að heilbrigðu líferni.

**Menning**

Endi skagans verður að aðlaðandi menningarmiðstöð en vitarnir, hjallarnir o.fl. segja sögu svæðisins auk þess sem safn/vísindasetur verður þarna. Miðstöðin býður upp á ýmsa möguleika varðandi afþreyingu og viðburði og dregur þannig að sér bæði innlenda og erlenda gesti.

**Kjarninn**

Kjarninn er hjarta svæðisins, í miðju svæðisins eru gömlu fiskiðnaðarbyggingarnar sem nú nýtist fyrir vinnustaði, veitingastaði, litla viðburði og búðir. Nýja hótelið er svo tengt þessu. Veitingastaðurinn og heilsulind með heitum pottum og sjópottum dregur fólk að staðnum en einnig er ýmislegt annað á svæðinu. Nú þegar er Nýsköpunarsetur á svæðinu auk alls sem því fylgir. Einnig eru vinnustaðir fyrir minni fyrirtæki og starfsstöðvar fyrir einyrkja. Allt svæðið nýtist fyrir nám og rannsóknir. Leiguíbúðir eru á svæðinu fyrir fólk sem vinnur á svæðinu til skemmri tíma. Auk þess getur heilsulindin, með sínum náttúrulegu heilsuefliandi meðferðum, nýst sem rannsóknarmiðstöð. Verslunarrými á jarðhæð bygginga býr til iðandi og lífandi umhverfi. Öll þessi þjónusta gerir kjarnann eftirsóknarverðan stað til að búa á. Blandaða svæðið og starfsemin í kring gerir þetta að einstöku svæði og nýju borgar umhverfi.

**Arkitektúr**

Byggingarlistin verður mismunandi á milli svæða. Mannlegur skali verður þemað og tvíhalla þök gefa svæðinu heildrænt útlit. Mótun á íbúðarbyggingum í reiti umhverfis almenningsrými er byggt að hreinni rýmis stigveldi. Stærð og litir húsanna breytist milli svæða. Karakter kjarnans er meira afslappaður. Fjörug og fjölbreytt staða bygginga og litríkur karakter þeirra undirstrikar iðandi náttúru svæðisins og trúna á framtíðina þar.

**Sjálfbærni**

Sjálfbærni er allsráðandi á nýja svæðinu. Orkunotkun er öll frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Í arkitektúr og landslagshönnun eru notuð efni úr næsta nágrenni, til dæmis grjót og mismunandi ál klæðningar. Það þarf að skoða hvort möguleiki sé á að nota efni úr byggingum sem á að rífa. Einnig er lögð áhersla á hringrásarhagkerfi og verktakar sem munu byggja hér munu fá leiðbeiningar um lausnir sem passa þar inn. Sjálfbærni svæðisins skapast með því að breiða út þekkingu, efla og leiðbeina um fyrirfram samþykktar lausnir.



Sjávarsíðan séð frá safninu/vísindasetrinu, horft til norðurs að kjarnanum


### Húsagerðir

1. Lítil húsnaði á austurströndinni




- A Húsin við hlaðna skjólvegginn eru ný tegund af húsnaði á svæðinu.
- B Lítil parhús með verönd og stofu/eldhúsi á 2. hæð. Svefnherbergin á rishæð.
- C Stórbrotið sjávarútsýni.
- D Bilastæði verða staðsett á milli húsanna og í bilskúrum undir íbúðunum.
- E Sveigjanleg 1. hæð sem getur verið bilskúr, heimaskrifstofa o.fl.

2. Húsnaði við garðinn



- A Lítil fjölbýlishús við hlöðina á garðinum.
- B Litlir einkagarðar sem snúa að garðinum.
- C Sameiginlegir garðar á milli húsanna sem mynda skemmtileg og skjólgóð svæði.
- D Auðvelt aðgengi að Lambhúsagarði.
- E Bilastæði við götu, á milli bygginganna og í sameiginlegu bilastæðahúsi miðsvæðis.

3. Vesturstrandar húsnaði



- A Háklassa glæsilbúðir sem snúa að sjónum og göngustíg meðfram sjávarsíðunni.
- B Stofa/eldhús og verönd á 2. hæð og lokuð 1. hæð býr til næði fyrir íbúðirnar.
- C Safn og kjarninn í næsta nágrenni.

4. Íbúðir í kjarnanum



- A Stærri fjölbýlishús í kjarnanum sem iðar af mannlífi.
- B Minni íbúðir og meiri þjónusta.
- C Airbnb og langtíma útleigubúðir.
- D Bilastæði eru staðsett í bilastæðahúsum við báða enda kjarnans.



Sjónarhorn frá vatnstankinum að garðinum

"Hlein"